

ANTIKA EHF 2021

Helgafell

Fornleifaskráning vegna deiliskipulags:

Byggingareitir 5 og 6

Ragnheiður Traustadóttir, Rúna K. Tetzschner og Hermann Jakob Hjartarson



Forsíðumynd: Skotbyrgi [1956] á bjargbrún ofan Helgafellsbæjar

Ritstjóri: Ragnheiður Traustadóttir

Uppsetning: Ragnheiður Traustadóttir

Kortagerð: Ragnheiður Traustadóttir

[www. antikva.is](http://www.antikva.is)

Útgefandi: Antikva ehf

ISBN númer: 978-9935-525-11-6

Ljósmyndir í ritinu eru teknar af höfundum nema að annað sé tekið fram

@ Ragnheiður Traustadóttir, Rúna K. Tetzschner, Hermann Jakob Hjartarson

Efnisyfirlit

Myndaskrá	6
Inngangur	8
Fornleifaskráningar	8
Skráningarsvæðið	10
Tilgangur fornleifaskráningar	11
Fornleifaskráning og aðferðir	16
Jarðarnúmer	16
Tegund, hlutverk og heiti	16
Staðsetning	16
Staðhættir og lýsing	17
Hættumat	17
Mótvægisáðgerðir	17
Fornleifar á svæðinu	17
Helgafell	17
Helgafell – Steinahlíð [1954] heimild	18
Hóll [1953] hóll	20
Heimreið [2664] heimild	21
Hesthús [2665] heimild	21
Fjárhús [1958] tóft	22
Brunnur [1973] heimild	22

Brunnur [1955] vatnsból.....	23
Grjóthrúga [1948] túnahreinsun	25
Hús [1949] tóft.....	25
Hleðsla [1966] hleðsla og steypur plötur [1950-1951].....	25
Útihús [2263] heimild.....	26
Leið [1964] gata.....	27
Fjárhús, hlaða [2666] tóft	27
Laug [2667] heimild	27
Túngarður [2668] heimild	27
Túngarður [2669] heimild	27
Skotbyrgi [1956] hleðsla	27
White Horse braggahverfi [2800].....	28
Leið [2417] gata.....	28
Óþekkt [2584-2585] hleðslur.....	29
Stekkur [2577] stekkur	29
Byrgi [2583] byrgi.....	30
Tóft [2418] tóft.....	31
Skurður [2575] skurður og óþekkt [2578-2582] hleðsla	31
Skotbyrgi [2580-2581] skotbyrgi	34
Leið [2573] gata.....	34
Leið [2579] gata.....	34

Skotgröf [2416] skotgröf	35
Skotbyrgi [2569] skotbyrgi.....	36
Skotbyrgi [2567-2568] skotbyrgi	36
Leið [2571] gata.....	39
Skotbyrgi [2570] skotbyrgi.....	39
Skotbyrgi [2566] skotbyrgi.....	39
Skotbyrgi [2572] skotbyrgi.....	39
Vatnsgeymar [2564-2565] steipt mannvirki	41
Helgafell Hospital [1994]	41
Tóftir [2560-2561-2562] byssuhreiður?	43
Hús [2563] tóft.....	44
Gullnáma [2670] náma	44
Samantekt og niðurstöður.....	44
Reitur 6:	45
Reitur 5:	46
Heimildir	48
Árnastofnun – Örnefnasafn	48
Vefsíður	48
Kort og landamerkjaskrár	48

Myndaskrá

Mynd 1 Helgafellshverfi: Deiliskipulagsreitir 5 og 6.	9
Mynd 2 Skjáskot af landfræðilega skráningargrunninum fyrir fornleifaskráningu í Mosfellsbæ.	11
Mynd 3 Horft suður yfir bæjarhólinn við Steinahlíð.....	18
Mynd 4 Horft niður yfir þúst norðaustan Steinahlíðar.	20
Mynd 5 Túnakort Helgafells; bæjarstæðið er um mitt tún.	21
Mynd 6 Tóftir fjárhúsa í túni vestan bæjarstæðisins.	22
Mynd 7 Brunnur með járnloki.....	23
Mynd 8 Túnahreinsun?.....	24
Mynd 9 Mannvirki með steiptum veggjum.	24
Mynd 10 U-laga hleðsla leynist í gróðrinum kringum fánastöngina.	25
Mynd 11 Gömul gata [1964].	26
Mynd 12 Horft norður eftir götu [2417].	28
Mynd 13 Stekkur [2577].	29
Mynd 14 Byrgi frá stríðsárunum. H.m. er horft inn að grjóthlöðnum gaflvegg austan megin.	30
Mynd 15 Tóft [2418] frá stríðsárunum?.....	30
Mynd 16 Skurður [2575], líklega frá hernámsárunum; fremst sést gata [2573].	32
Mynd 17 Horft ofan í skurð [2575]: Bárujárn v.m. og steiptur steinn eða undirstaða h.m.	32
Mynd 18 Aflangt mannvirki [2578] er fyrir norðurenda skurðar [2575]; horft suður.	33
Mynd 19 Nyrðra skotbyrgi [2581] við götu [2579].	33

Mynd 20 Syðra skotbyrgi [2580] við götu [2579].	34
Mynd 21 V.m: Vesturendi skotgrafar [2416]; h.m. þegar austar dregur sést einungis lágur skurður.....	35
Mynd 22 Skotbyrgi [2569]; horft vestur.	36
Mynd 23 Horft framan á eystra skotbyrgi [2568] neðan vesturenda skotgrafar [2416].....	37
Mynd 24 Vestra skotbyrgi [2567] neðan við vesturenda skotgrafar [2416].	37
Mynd 25 Gata [2571] sem liggur frá skotbyrgjum [2567-2568] neðan skotgrafar [2416].	38
Mynd 26 Skotbyrgi [2570].	38
Mynd 27 Skotbyrgi [2566].	39
Mynd 28 Gott útsýni er frá skotbyrgi [2572] uppi á klapparhæð, ofan skotgrafar [2416].....	40
Mynd 29 Steyptir vatnsgeymar [2564-2565] og steypubrot.	40
Mynd 30 Vatnsgeymir [2564], tvö steypt mannvirki tengd saman með röri.	42
Mynd 31 Steyputóft frá vatnsgeymi [2565].	42
Mynd 32 Hringlaga tóftir [2560-2561] á Ásunum.	43
Mynd 33 Þriðja hringlaga tóftin [2562] er austar en hinar [2560-2561].	43
Mynd 34 Tóft [2563] frá húsi sem hefur ef til vill tengst hernum.	44

Inngangur

Að beiðni Önnu Margrétar Tómasdóttur verkefnastjóra hjá Mosfellsbæ tók Ragnheiður Traustadóttir fornleifafræðingur, fyrir hönd Antikva ehf., að sér að skrá fornleifar vegna deiliskipulags á jörðinni Helgafelli. Fyrirhugað er að byggja á svæðum norðan við Helgafellshverfi.

Allmargar herminjar fundust á svæðinu norðan Helgafellshverfis. Þar fundust einnig stekkur, götur og tóftir og vitað er að hinn forni bæjarhóll Helgafells geymir minjar frá landnámi. Minjar tengdar búskapnum eru einnig í óbyggðri sveit lengra í austur en þær eru utan skipulagssvæðisins. Minjarnar eru vestan, sunnan og norðan við fjallið Helgafell.

Skráningin fól í sér athugun á fyrri skráningum, heimildasöfnun, vettvangsskráningu og úrvinnslu, mat á minjum innan skipulagssvæðisins, svo sem hættumat, og skýrslu- og kortagerð. Við fornleifaskráninguna var farið eftir stöðlum Minjastofnunar Íslands.

Skýrsluhöfundar sáu um vettvangsvinnu og heimildavinnu og hafa farið margar ferðir um svæðið. Inga Sóley Kristjónadóttir mældi upp og ljósmyndaði minjar á reit 5. Haukur Níelsson ábúandi í Steinahlíð, fæddur 1952, veitti skrásetjurum mikilvægar upplýsingar.

Með skýrslunni fylgir fornleifaskrá og stafrænn hnitagrunnur.


Fornleifaskráningar

Í skýrslunni *Skráning fornleifa í Mosfellsbæ* sem var gefin út árið 2006 á vegum Þjóðminjasafns Íslands er saga Helgafells rakin og fornleifar skráðar á jörðinni.¹ Sú skýrsla var unnin upp úr eldri skráningargögnum Þjóðminjasafnsins en skipuleg skráning fornleifa í Mosfellsbæ hófst árið 1980 og var sú fyrsta sinnar tegundar á Íslandi. Í skýrslunni er að finna góðar lýsingar á fornleifum í sveitarfélaginu en hún er háð þeim takmörkunum að minjar voru ekki allar staðsettar á kort og þær sem hafa ratað inn á vefsíðu sveitarfélagsins eru oft ekki nákvæmlega staðsettar enda voru mælingartæki á þeim tíma ekki jafn nákvæm og þau eru í

¹ Agnes Stefánsdóttir, Rúna K. Tetzschner o.fl., *Skráning fornleifa í Mosfellsbæ*, 43-50.

dag. Frá 2006 hafa fornminjar verið skráðar á einstaka reitum vegna deiliskipulagsvinnu en þó ekki á Helgafelli.

Skráningin sem hér fer á eftir er viðameiri og nákvæmari en fyrri skráningar á svæðinu og fer eftir stöðlum Minjastofnunar Íslands sem hafa líka breyst hvað varðar fornleifaskráningu en nú ber meðal annars að mæla upp allar minjar. Friðun fornleifa hefur líka breyst en allar minjar sem eru 100 ára og eldri eru friðaðar. Er það gert í þessari skráningu. Lýsingar úr fyrri fornleifaskráningu eru nýttar í skráninguna hér þar sem við á.



Mynd 1 Helgafellshverfi: Deiliskipulagsreitir 5 og 6.

Skráningarsvæðið


Fyrirhugað byggingarsvæði er milli Vesturlandsvegur og Helgafells, sunnan Þingvallavegar og norðan íbúðarhúsabyggðar í Helgafellshverfi sem risið hefur sunnan og vestan hins forna bæjarstæðis Helgafells (reitir 5 og 6). Skráningarsvæðið nær yfir þessa framkvæmdareiti og nánasta nágrenni. Jörðin Helgafell náði þó yfir mun stærra svæði.

Austan megin lágu hin fornu merki Helgafells að Hlaðgerðarkoti, úr vallendisnefi við Skammadalslæk, yfir austuröxl Helgafells norður í Norður-Reykjaá, og síðan áfram eftir henni milli Helgafells og Hrisbrúar að norðan. Norður-Reykjaá rennur í Köldukvísl og fylgdu merkin henni að Skaftártunguenda við Varmá. Þá réði Varmá merkjum milli samnefndrar jarðar og Helgafells vestan megin. Varmá rennur úr suðaustri en Skammadalslækur rennur í hana úr austri og réði hann merkjum Helgafells að sunnanverðu, gegnt Suður-Reykjum.

Í *Landamerkjabók* frá 1885 segir: „Landamerki milli Helgafells og Hlaðgerðarkots liggja úr næstum afskornu vallendisnefi við Skammadalslækinn neðan til við Suður-Reykja mógrafirnar, þaðan beina línu yfir austuröxlina á Helgafjalli; stefna þessi er á háöxlina vestan á Hrisbrúarfjalli; helzt þessi lína alla leið í hánorður allt til þess hún sker Norður-Reykjaá við moldarbakka einn; á merkjalínu þessari eru hlaðnar vörður til skýringar. [...] Milli Helgafells og Hrisbrúar ræður landamerkjum síðastnefnd á Norður-Reykjaá, fram að ármótum Köldukvísar og Norður-Reykjaár, og þaðan Kaldakvísl ein áfram að Leirvogstungu landi. [...] Milli Helgafells og Leirvogstungu ræður Kaldakvísl merkjum fram í sjó um flóð við svokallaðan Skaftártunguenda. [...] Milli Helgafells og jarðarinnar Varmár – frá síðastnefndum Skaptártunguenda til suðurs – ræður Varmá merkjum allt upp að Skammadalslæk þar sem hann rennur í hana, og þaðan [...] milli Helgafells og Suður-Reykja ræður Skammadalslækurinn merkjum alla leið til landnorðurs upp að fyrstnefndu vallendisnefi.“²

Byggð innan þessa svæðis afmarkast við Helgafellshverfi en að öðru leyti er á jörðinni óbyggt land kringum fjallið Helgafell.

² *Landamerkjabók*.



Mynd 2 Skjáskot af landfræðilega skráningargrunninum fyrir fornleifaskráningu í Mosfellsbæ.

Tilgangur fornleifaskráningar

Samkvæmt 4. mgr. 3. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 (mml.), sem tóku við af þjóðminjalögum nr. 107/2001 1. janúar 2013, njóta fornleifar friðunar og eru þannig verndaðar gegn hvers kyns raski.

Í 3. mgr. 3. gr. mml. eru fornleifar skilgreindar með svofelldum hætti:

„Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

a. búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,

- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bóllum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.“

Í 21. gr. mml. er kveðið á um verndun fornleifa:

„Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Eigendur og ábúendur jarða skulu hlúa að fornleifum á landareignum sínum og viðhalda umhverfi þeirra eftir því sem sanngjarnt getur talist. Minjastofnun Íslands er skylt að veita ráðgjöf og leiðbeiningar í því sambandi.

Minjastofnun Íslands gerir nauðsynlegar ráðstafanir til verndar fornleifum, viðhalds eða endurbóta, en áður skal gera landeiganda eða ábúanda viðvart um þær. Ef nauðsyn krefur lætur Minjastofnun Íslands rannsaka fornleifar með uppgrefti eða á annan hátt.“

Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Minjastofnun Íslands, sbr. 38. gr. mml., og án tafar skv. 1. mgr. 23. gr. megi ætla að þær séu í hættu.

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausum. Fornleifaskráning kemur að notum í minjavörslu þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum. Í þessu tilviki, þar sem unnið er að deiliskipulagi á útvistarsvæði, verða til möguleikar á að kynna og nýta minjar á svæðinu.

Ekki er það síður hagur þeirra sem stýra hvers konar framkvæmdum að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á tilteknu svæði. Segja má að við það vinnist tvennt. Unnt verður að taka tillit til minjanna við skipulagsvinnu og nýta þær til að varðveita sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að framkvæmdaraðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi en reynist svo nauðsynlegt að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum.

Björgunaruppgröftur, sem er unninn vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaraðilum, er heldur ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar. Fornleifaskráning sameinar þess vegna hagsmuni fræðigreinarinnar og þeirra sem standa að framkvæmdum.

Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal skv. 16. gr. mml. fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi.

Skulu skipulagsyfyrvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrárm með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda án undanfarandi fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskráningar. Þegar sérstaklega stendur á getur Minjastofnun Íslands veitt undanþágu fyrir framkvæmdum með tilteknum skilyrðum.

Skipulagsyfyrvöld skulu tilkynna Minjastofnun Íslands um gerð skipulagsáætlana og verulegar breytingar á þeim og um gerð skýrslna um mat á umhverfisáhrifum.

Almennt er æskilegt að framkvæmdum sé beint frá minjastöðum en sé þess enginn kostur ber að tilkynna Minjastofnun Íslands um framkvæmdirnar með sannanlegum hætti með minnst fjögurra vikna fyrirvara eins og segir í 23. gr. mml. Enn fremur segir að Minjastofnun Íslands ákveði að undangenginni vettvangskönnun hvort frekari rannsóknar sé þörf, hvort gera skuli tillögu um friðlýsingu eða hvort fornleifarnar megi víkja og þá með hvaða skilmálum. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda fyrr en ákvörðun Minjastofnunar Íslands liggur fyrir.

Í 2. mgr. 28. gr. mml. segir að framkvæmdaraðili greiði kostnað við þær rannsóknir á fornleifum sem Minjastofnun Íslands ákveður að séu nauðsynlegar vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Við allar umfangsmiklar framkvæmdir skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknum og vettvangsskráningu fornleifa.

Attributes		Text	Relations	Geo Objects	Documents	Events
Attribute	Value					
Name	Bæjarstæði Helgafell					
Class	Arkeologiska object					
Gömul númer	248-01					
Sérheiti	Helgafell					
Bæjarnafn	Helgafell					
Jarðatal Johnsen	248					
Flokkun	Búsetuminjar					
Tegund	Heimild					
Efni	<None>					
Athugasemdir	Ekki sést til minja á yfirborðinu en þær leynast sennilega undir yfirborðinu.					
Umhverfi	Undir veginum					
Adalsvæði	<None>					
Svæði	<None>					
Túnakort	Túnakort 1916					
Heimildir	Fornleifaskrá 2006.					
Örnefnaskrá						
Aldur	1300-1900					
Skráning	RT-ISK					
Mæling	Uppmæling					
Dagur	30.08.2018					
Horfin	Að hluta					
Horfin_astæða	Sléttað yfir					
Hættumat	<None>					
Hættuorso	Vegna ábúðar					
Ástand	Ekki sést til fornleifa					
Minjagildi	Mjög mikið					
Verkefni	Deiliskipulag Helgafell					
Sveitarf	Mosfellsbær					
Friðað	Já					
Friðlýst	Nei					
Gróður	Gróið og malbik					
Hlutverk	Býli					

Mynd 1 Skráningarform í Mosfellsbæjar grunninum sem fylgir stöðlum Minjastofnunnar Íslands.

Fornleifaskráning og aðferðir

Við fornleifaskráninguna voru fornleifar flokkaðar allar undir jörðina Helgafell. Fjallað er um hvern minjastað fyrir sig. Ljósmyndir voru teknar og gerð kort auk þess sem minjarnar voru hnitsettar og færðar inn á loftljósmynd frá Loftmyndum ehf.

Jarðarnúmer

Minjar eru auðkenndar með númeri og sérheiti þeirra ef við á, til dæmis „White Horse braggahverfi [2800]“ og hlutverki þeirra, til dæmis „stekkur [2577]“, síðan er tegund nefnd á eftir númeri til frekari skýringar. Ef stendur *heimild* á eftir númeri þá hafa ekki fundist fornleifar á vettvangi. Fyrsta númer innan hornklofa er númer skráningarinnar í landfræðilegum gagnagrunni Mosfellsbæjar yfir fornleifar, örnefni og sögulegar minjar í Mosfellsbæ.

Tegund, hlutverk og heiti

Tegund og hlutverki minja er eins og venjan er um fornleifaskráningar lýst í fáum orðum, þ.e. hvort um sé að ræða tóftir bæja eða útihúsa, höfn, byrgi, túngarð og þar fram eftir götunum.

Stundum sér fornra minja ekki stað í landslaginu þótt þeirra sé getið í heimildum og kunna margar ástæður að vera fyrir því. Kemur þá fram í fornleifaskránni að „heimild“ sé til um til dæmis útihús. Er leitast við að hafa fornleifaskrána eins nákvæma og kostur er því að leifar fornminja kunna að leynast í jörðu þótt ekki sé unnt að sjá þær með berum augum á yfirborðinu.

Hafi fornminjarnar sérnafn, til dæmis Helgafell Hospital [1994], er það sérstaklega skráð en þegar engu slíku er til að dreifa kemur fyrir að hlutverki þeirra sé lýst þar sem heitið stæði annars, til dæmis fjárhús eða brunnur.

Staðsetning

Tekin voru GPS hnit á öllum minjum eða þær mældar upp með nákvæmu GPS mælingartæki úti á vettvangi og þau færð inn í landupplýsingagrunn Mosfellsbæjar. Staðsetning þeirra er svo færð inn á loftmyndir frá Loftmyndum ehf. Í hjálagðri fornleifaskrá eru gefin upp hnit í landshnitakerfinu Ísnet 93 þegar við á. Staðsetning þeirra er svo færð inn á loftmyndir frá Loftmyndum ehf.

Gögnum er einnig skilað í stafrænu formi í landupplýsingakerfi.

Staðhættir og lýsing

Ávallt er greint frá afstöðu skráðra minja í landslaginu, þeim og staðhættum lýst, bæði formi, umfangi og ástandi, og aðrar athugasemdir gerðar þegar þörf krefur, til dæmis vísað í aðrar heimildir.

Hættumat

Leitast er við að leggja mat á þá hættu sem að fornleifunum kann að steðja, bæði af völdum náttúru og manna. Þetta er gert til að unnt sé að grípa til viðeigandi ráðstafana liggi minjar undir skemmdum eða geti orðið fyrir raski. Hætta vegna ábúðar þýðir að framkvæmdir eða álag kunni að raska fornminjum. Hætta vegna veðrunar þýðir að fornleifar séu smám saman að mást í burtu fyrir áhrif loftslags eða vatns. Hætta vegna landbrots þýðir að fornleifar geti glatast af völdum vatns eða uppblásturs.

Ekki er lagt mat á hættuna þegar einungis er til heimild um fornleifar en þær hafa ekki fundist við vettvangsskráninguna. Í þessu tilviki hafa fimm fornleifar horfið vegna framkvæmda og eru því eingöngu þekktar úr heimildum.

Mótvægisáðgerðir

Ef minjar eru í hættu vegna framkvæmda er lagt til að framkvæmdum sé beint frá minjastaðnum. Ef það er ekki hægt er komið með tillögum að mótvægisáðgerðum. Það er þó alltaf Minjastofnun Íslands sem ákveður hvað þarf að gera og með hvaða hætti.

Fornleifar á svæðinu

Helgafell

Mannvistarleifar frá landnámsöld benda til að Helgafell hafi byggst fljótlega eftir landnám. Trúlega hefur jörðin á tímabili tilheyrt Viðeyjarklaustri en hennar er þó fyrst getið í

Fógetareikningum 1547-1552 og var þá í eigu konungs.³ Svo var enn árið 1704 og þá voru ábúendur tveir.⁴ Árið 1847 var jörðin hins vegar orðin bændaeign en ábúendur áfram tveir leiguliðar.⁵ Árið 1979 var þríbýlí á Helgafelli og voru eigendur Jón Sv. Níelsson að Helgafelli 1, Haukur Níelsson að Helgafelli 2 og Niels M. Hauksson bifreiðastjóri að Helgafelli 3, smábýli sem var stofnað síðar en hin tvö býlin.⁶ Jörðin er enn í ábúð.



Mynd 3 Horft suður yfir bæjarhólinn við Steinahlíð.

Helgafell – Steinahlíð [1954] heimild

Á Túnakorti Helgafells frá 1916 má sjá húsapýrpingu um miðbik túnsins og nokkra garða, þ.e. væntanlega bæjarstæðið með mannvirkjum, og liggur heimreiðin að því úr vestri. Bærinn er líklega tvískipt bygging sem stendur norðan heimreiðar: Stærri steinhús með anddyri í suður og minna tvíhólfa hús með standþili á hlöðum. Samhliða þessum húsum, austan þeirra og samtengd þeim með garði eru tvö samföst torfhús sem einnig snúa í suður. Auk þess eru tvö

³ Íslenzkt fornbréfasafn XII, 117, 119, 137, 143, 157, 177 og 404.

⁴ Jarðabók III, 316-17.

⁵ Jarðatal á Íslandi, 95.

⁶ Jarðaskrár 1958-1979.

samföst torfhús vestan bæjarins, líka með stefnu suður – norður. Þrír garðar eða mögulega hús eru bak við eða norðan þessara bæjarhúsa en girt er kringum öll þessi mannvirki með garði. Sunnan heimreiðar eru loks tvö samhliða samföst torfhús með stefnu norðvestur – suðaustur og tveir samtengdir kálgarðar austan og sunnan þeirra.⁷ Bæjarstæðið er á túnakortinu sýnt suðvestan megin undir Helgafelli. Þessi hús eru núna horfin.

Framan við bæinn á Helgafelli, niður af austurkletti, er hóll þar sem fundist hafa fornleifar. Áður lá gamli Þingvallavegurinn sunnan í hólnum, framan við bæinn, en nú er þar íbúðarhúsið Steinahlíð, byggt í suðurenda bæjarstæðisins, og er hóllinn rúmlega 10 m norðan við það. Gamla bæjarstæðið gæti hafa náð niður fyrir Steinahlíðarhúsið. Grafið var með jarðýtu milli hússins og hólans vorið 1980 vegna fyrirhugaðrar bílskúrsbyggingar og þá tekið nokkuð framan af hólnum. Haustið 1981 tók svo Haukur Nielsson, bóndi á Helgafelli, eftir hleðslum í sárinu og hafði samband við Þjóðminjasafnið.⁸

Guðmundur Ólafsson kannaði bæjarhólinn árið 1981 og lýsti honum sem lágum og flötum, um 20-30 m í þvermál. Þá sáust í sárinu mannvistarleifar á 1-1,2 m dýpi, aðeins 1-2 sm ofan hins svokallaða landnámslags sem var mjög greinilegt. Mannvistarlagið var um 10-30 sm þykkt og mátti greina í því grjóthleðslur, koladreifar og gólfskánir. Þarna fundust einnig eldstæði, járnleifar, kljásteynar o.fl. Þetta var neðsta mannvistarlagið en ofar, um 50 sm undir yfirborðinu, mátti auk þess sjá leifar yngri bæjar í sárinu og þar voru allmargir steinar á dreif. Guðmundur taldi bæjarhólinn mjög gamlan og merkilegan.⁹

Vegurinn var síðar færður upp og lagður yfir bæjarhólinn að öðru húsi sem er innar með Helgafelli. Milli vegarins og bílastæðis Steinahlíðar er nú beð með trjám sem hafa verið gróðursett ofan á hleðslurnar sem Guðmundur skoðaði. Haukur Nielsson sagði að þar hefðu verið soðhola og eldstæði.¹⁰ Engar rústir eru sjáanlegar núna, ekkert sést á yfirborðinu og hóllinn sjálfur er illgreinanlegur. Mikið grjóthrun er úr bjarginu fyrir ofan, hávaxinn gróður og mjög þýft.

⁷ Túnakort Helgafells.

⁸ Agnes Stefánsdóttir, Rúna K. Tetzschner o.fl., *Skráning fornleifa í Mosfellsbæ*, 43.

⁹ Agnes Stefánsdóttir, Rúna K. Tetzschner o.fl., *Skráning fornleifa í Mosfellsbæ*, 43.


¹⁰ Agnes Stefánsdóttir, Rúna K. Tetzschner o.fl., *Skráning fornleifa í Mosfellsbæ*, 43-44.

Hóll [1953] hóll

Lágur, ávalur og sléttur hóll eða þúst er í vel gróinni hlið norðvestan við íbúðarhúsið Steinahlið. Mjög þýft er í kring og mikið af stóru grjóti sem hefur hrunið úr klettunum ofan við bæjarstæðið. Hóllinn er hluti af gamla bæjarstæðinu og nær mest um 1 m hæð við veginn en tekið hefur verið af honum sunnanverðum þegar vegurinn var lagður. Hann er í mikilli hættu vegna þess hve hann er nálægt veginum.



Mynd 4 Horft niður yfir þúst norðaustan Steinahliðar.



Mynd 5 Túnakort Helgafells; bæjarstæðið er um mitt tún.

Heimreið [2664] heimild

Samkvæmt túnakorti liggur heimreiðin úr vestri um túnið að bæjarhúsum. Heimreiðin er sýnd sem hlaðinn og malarborinn vegur.¹¹ Haukur Níelsson sagði núverandi veg að bænum enn vera á sama stað og heimreiðin var þegar túnakortið var gert og virðist mega sjá það við samanburð við loftmynd. Fram undir 1930 var tröðin mittisdjúp austan við bæinn. Þá var fyrst farið að keyra þar á bílum. Gata liggur áfram austur frá bæjarhúsum að túngarðshliði [2669].

Hesthús [2665] heimild

Fyrir utan garð, vestan bæjarstæðisins [1954] og nokkru norðan heimreiðar [2664], sýnir túnakortið hús úr torfi og grjóti sem stendur eitt sér, mögulega með hálfþili á stöfnum. Það hefur stefnuna vestur – austur.¹² Samkvæmt Hauki Níelssyni var þetta hesthús en ekki sést lengur neitt af því.

¹¹ Túnakort Helgafells.

¹² Túnakort Helgafells.



Mynd 6 Tóftir fjárhúsa í túni vestan bæjarstæðisins.

Fjárhús [1958] tóft

Í túni vestan við bæjarstæðið voru torfhlaðin fjárhús. Að sögn Hauks Níelssonar voru þau talin mjög gömul um 1950. Síðan þá hefur túnið verið sléttað þannig að lítið er eftir af fjárhúsunum; enn sést þó greinilega ferköntuð dæld á staðnum, ásamt fleiri dældum og þúfum. Svæðið er grasi vaxið og mjög blautt.

Brunnur [1973] heimild

Samkvæmt Hauki Níelssyni var brunnur sunnan við fjárhúsin en hann hvarf þegar grafnir voru skurðir og túnið sléttað. Brunnurinn hefur verið sunnarlega í túninu þar sem nú liggur skurður.



Mynd 7 Brunnur með járnlöki.

Brunnur [1955] vatnsból

Ferhyrndur brunnur með steiptum hliðum er í túninu. Hann er um 1 x 1 m á stærð með járnlöki og virðist ekki mjög gamall.



Mynd 8 Túnahreinsun?



Mynd 9 Mannvirki með steiptum veggjum.

Grjóthrúga [1948] túnahreinsun

Grjóti hefur verið safnað saman á svolítilli klöpp í grasi vöxnu túninu. Þetta er einfalt lag af grjóti sem líklega hefur verið hreinsað úr túninu.

Hús [1949] tóft

Í túninu ofan vegar, norðvestan við Steinhlið, er ferköntuð tóft með steiptum veggjum, 18-20 sm á breidd og ná upp í 0,5-0,6 m hæð. Veggirnir sjást sunnan og vestan megin en ekki á hinar hliðarnar þótt greinilegt sé að grafið hafi verið niður í hliðina fyrir þeim. Örlítill upphækkun sést kringum tóftina að sunnanverðu. Hún hefur verið fyllt af rusli, aðallega afsöguðum greinum. Hún gæti verið allt frá því um 1920 til 2000.



Mynd 10 U-laga hleðsla leynist í gróðrinum kringum fánastöngina.

Hleðsla [1966] hleðsla og steiptar plötur [1950-1951]

U-laga hleðsla liggur utan um timburfánastöng í gróðurþykkni í trjálundi austan túnsins með steiptu hústóftinni [1949] en norðan við Helgafellsgötu og hús númer 3 og 4. Þetta eru einfaldar hleðslur úr grjóti og mold, hlaðnar upp við bakka og endaveggurinn grafinn út úr honum. Opíð snýr í suður. Norðan við fánastöngina eru tvær steiptar ferhyrndar plötur [1950-

1951] og kanínubúr austan við þær. Óvíst er hvert hlutverk þessara mannvirkja hefur verið en ef til vill hefur verið einhvers konar garður þar sem hleðslan er.

Útihús [2263] heimild

Um 15 m norðvestur af Steinahlíð, alveg upp við vegkantinn, var ógreinileg rúst skráð árið 1981. Stefnan var norðvestur – suðaustur og innanmál um 2,5 x 3 m, veggir 1-1,5 m á þykkt. Op virtist vera á norðvesturgafli og ef til vill ógreinileg viðbygging. Suðurlanghliðin var að minnsta kosti 7 m á lengd en norðurhornið mjög óskýrt.¹³ Þessi tóft sést ekki lengur og segir Haukur Níelsson að töluvert langt sé síðan hún hvarf. Hér er mikil hætta vegna vegar og ábúðar.



Mynd 11 Gömul gata [1964].

¹³ Agnes Stefánsdóttir, Rúna K. Tetzschner o.fl., *Skráning fornleifa í Mosfellsbæ*, 45.

Leið [1964] gata

Gamall vegarslóði liggur austur – vestur. Hann sést vel en hverfur svo í lúpínu og verður einfaldur göngustígur sem nú er vinsæll til göngu og hjólreiða. Auðveldlega má fylgja legu vegarins á loftmynd.

Fjárhús, hlaða [2666] tóft

Tvö samsíða fjárhús og hlaða voru skráð árið 1980, á lágum hól í suðaustanverðu túninu. Þau voru byggð úr bárujárnsklæddu timbri en veggir úr torfi og grjóti hlaðnir utan með til varnar.¹⁴ Þetta hús er horfið núna.

Laug [2667] heimild

Um 40 m vestur af fjárhúsunum [2666] var hola þar sem Haukur Níelsson á Helgafelli segir að hafi verið baðaðstaða og þveginn þvottur. Vatnið í lauginni var aldrei heitara en 60-70°C og var því ekki hægt að nýta það til upphitunar.¹⁵ Holan er nú komin undir íbúðarhúsabyggð.

Túngarður [2668] heimild

Í jaðri norðvestasta skika túnsins er á túnakorti gamalt garðlag, túngarður sem ekki hefur verið haldið við. Við fornleifaskráningu árið 1981 var garðurinn að mestu horfinn en mögulega voru þar einhverjar leifar, svo sem einstaka grjóthrúgur.¹⁶ Ekkert sést lengur af þessum garði.

Túngarður [2669] heimild

Meðfram hluta af austurjaðri túnsins er samkvæmt túnakorti gamalt garðlag, túngarður sem ekki hefur verið haldið við. Utan garðsins er steingrýtt flöt. Þessi túngarður er ekki lengur sýnilegur.

Skotbyrgi [1956] hleðsla

Á kletti uppi á bjargbrún norðan Steinahlíðar er um 1 m há grjóthleðsla. Þar hefur verið skotbyrgi á stríðsárunum. Mjög gott útsýni er yfir fjörðinn og dalinn.

¹⁴ Agnes Stefánsdóttir, Rúna K. Tetzschner o.fl., *Skráning fornleifa í Mosfellsbæ*, 46.

¹⁵ Agnes Stefánsdóttir, Rúna K. Tetzschner o.fl., *Skráning fornleifa í Mosfellsbæ*, 46.

¹⁶ Agnes Stefánsdóttir, Rúna K. Tetzschner o.fl., *Skráning fornleifa í Mosfellsbæ*, 46.

White Horse braggahverfi [2800]

Milli Vesturlandsvegur og Helgafellsvegur og upp með Helgafellsvegi þar sem nú eru Ásland og Litlagerði í Helgafellshverfi var braggahverfi nefnt White Horse á stríðsárunum. Hverfið náði einnig nokkuð vestur fyrir Vesturlandsveg að White Horse Dump [2800] útibirgðasvæði hersins á Ullarnesi. Níels Guðmundsson bóndi á Helgafelli keypti síðan flest húsin en nú eru þau farin undir íbúðarhúsabyggð.¹⁷ Minjar um umsvif hersins sjást þó norðan við braggasvæðið.



Mynd 12 Horft norður eftir götu [2417].

Leið [2417] gata

Gata liggur austan við malarveg frá Helgafellshverfi utan í hliðinni með stefnu norðaustur. Þetta er rétt innan við austurmörk deiluskipulagsreits 6. Gatan liggur í átt að bæjarstæði Helgafells.

¹⁷ Friðþór Eydal, *Hersetan í Mosfellsdal og Kjalarnesþingi*, 107.

Óþekkt [2584-2585] hleðslur

Neðan götunnar [2417], nær bæjarstæði Helgafells, eru tvö hleðslubrot [2585] með stefnu norðaustur – suðvestur. Milli þeirra og götunnar er óþekkt L-laga mannvirki [2584]. Óvíst er hvað þetta er en í samhengi við annað á svæðinu virðist líklegt að þarna séu minjar tengdar starfsemi hersins á stríðsárunum.



Mynd 13 Stekkur [2577].

Stekkur [2577] stekkur

Ofan við götuna eru leifar af grjóthlöðnum stekk sem byggður hefur verið utan í hliðinni. Hann opnast í átt að götunni [2417]. 3 m l x 2 veggur 2,8 m til norðus



Mynd 14 Byrgi frá stríðsárunum. H.m. er horft inn að grjóthlöðnum gaflvegg austan megin.

Byrgi [2583] byrgi

Byrgi frá stríðsárunum er neðan við götu [2417]. Byrgið er steipt en tyrft eða gróið yfir. Að innan sést að austurveggurinn hefur verið hlaðinn úr grjóti utan í hlíðinni. Inngangur snýr í vestur og op er á þaki. Byrgið er staðsett á svonefndum Ásum þar sem var mikil byggð á hernámsárunum, norðan við White Horse braggahverfið [2800].



Mynd 15 Tóft [2418] frá stríðsárunum?

Tóft [2418] tóft

Ofan við byrgið [2583] og götu [2417] er yfirgróin tóft sem gæti líka hafa tengst umsvifum stríðsáranna.

Skurður [2575] skurður og óþekkt [2578-2582] hleðsla

Skurður [2575] liggur norður frá malarbing vestan malarvegar. Hann mjókkar niður á botn og er mest um 1,5 m djúpur en grynstur syðst og nyrst þar sem hann fjarar út í báða enda. Í vestri skurðarbrún glittir í steipt grjót. Steiptur tilhöggvinn steinn liggur eins og brú ofan í skurðinum og er brot af járnörri í honum. Þar hjá eru bárujárnsbrot í skurðinum og önnur brú eða uppfylling er nokkru sunnar í honum. Ekki er vitað hvaða hlutverki skurðurinn hefur gegnt en ætla má að hann tengist umsvifum Breta á hernámsárunum.

Nokkrum metrum norðar er aflangt mannvirki [2578] í sömu línu og skurðurinn og virðist koma sem framhald af honum. Þarna er ef til vill skotbyrgi fyrir miðju með ógreinilegri yfirgrónum hleðslusteinum upp við það sunnan og norðan megin. Sumir hleðslusteinarnir eru steiptir. Enn þá norðar er annað mjög ógreinilegt mannvirki [2582], einnig í sömu línu. Þar sjást steinar liggja í röð, sumir steiptir.



Mynd 16 Skurður [2575], líklega frá hernámsárunum; fremst sést gata [2573].



Mynd 17 Horft ofan í skurð [2575]: Bárujárn v.m. og steypur steinn eða undirstaða h.m.



Mynd 18 Aflangt mannvirki [2578] er fyrir norðurenda skurðar [2575]; horft suður.



Mynd 19 Nyrðra skotbyrgi [2581] við götu [2579].

Skotbyrgi [2580-2581] skotbyrgi

Við götu [2579] neðan við nyrsta óþekkta mannvirkið [2582] eru tvö skotbyrgi hlaðin úr grjóti. Nyrðra skotbyrgið [2581] er hringlaga og ekki sést hvar inngangurinn hefur verið. Syðra skotbyrgið [2580] er einnig hringlaga og hefur inngangur sennilega verið norðan megin.



Mynd 20 Syðra skotbyrgi [2580] við götu [2579].

Leið [2573] gata

Stígur eða gata liggur frá Helgafellshverfi, þar sem White Horse braggahverfið [2800] var áður, norðaustur yfir skurð [2575]. Þetta er eystri gatan af tveimur sem liggja þaðan. Hún slitnar sundur við malarveg en heldur áfram hinum megin við hann og endar við niðurgrafið steinsteypt byrgi [2583].

Leið [2579] gata

Stígur eða gata liggur frá Helgafellshverfi, þar sem White Horse braggahverfið [2800] var áður. Þessi gata er vestar en gata [2573] en samhliða henni á kafla. Gatan liggur nokkru austan við hæðarhrygg og skotgröf [2416] og síðan upp á hæðarhrygginn og stefnir í átt að

steinsteypum húsatóftum [2564-2565] austan malarvegur en týnist áður en þangað kemur. Angi frá götu [2579] liggur vestur að göngustíg ofan Vesturlandsvegar. Hinum megin við Vesturlandsveginn var áður White Horse Dump [2800] útibirgðasvæði hersins á Ullarnesi og gæti gatan hafa legið þangað.

Skotgröf [2416] skotgröf

Á Ásunum norðan Helgafellshverfis þar sem White Horse braggahverfið [2800] var áður hlykkjast löng skotgröf utan í náttúrulegu klapparholti eða hæðarhrygg. Skotgröfin hefur stefnu austur – vestur eins og hæðarhryggurinn. Austur er þetta meira eins og grunnur skurður en dýpkar þegar vestar dregur. Þar virðist virkisvegg hafa verið mokað upp fyrir framan hæðarhrygginn og er breiddin mest um 1,5 m en hæð uppmoksturs um 1,3 m. Þarna er allt á kafi í lúpínugróðri og lögun skotgrafarinnar er því greinilegri á loftmynd en á vettvangi. Hallandi brekka er niður frá skotgröfinni og gott útsýni yfir Leiruvog. Þetta er ofan við hringtorgið þar sem beygt er frá Vesturlandsvegi inn á Þingvallaveg. Skotbyrgi [2569] er fast við skotgröfina, utan í hæðarhryggnum. Þar virðist skotgröfin hins vegar týnast eða fjara út áður en kemur að malarvegi sem liggur upp frá Þingvallavegi.



Mynd 21 V.m: Vesturendi skotgrafar [2416]; h.m. þegar austar dregur sést einungis lágur skurður.

Hæðarhryggurinn heldur þó áfram í austur og austan við malarveginn og steyp mannvirki [2564-2565] liggur líka skurður áfram í austurátt sem augljóslega er framhald skotgrafarinnar. Þetta sést vel við skoðun á gömlum loftmyndum. Þar má sjá að skurðurinn eða skotgröfin hefur verið samfelld alla leið og auk þess náð lengra í báðar áttir. Vestan megin hefur hún náð yfir vegarstæðið þar sem Þingvallavegur er nú og austan megin hefur hún beygt suður í átt að

Helgafelli. Hér hefur verið umfangsmikið varnarmannvirki sem gæti meðal annars hafa þjónað þeim tilgangi að verja spítalann Helgafell Hospital [1994] sem staðsettur var á Ásunum fyrir innan það. Skotgröfin hefur ótvírætt minjagildi.

Skotbyrgi [2569] skotbyrgi

Nokkur einföld skotbyrgi hafa verið byggð ofan og neðan skotgrafarinnar og eru enn varðveittar lágar grjóthleðslur frá þeim. Skotbyrgi [2569] er við klett nokkru fyrir ofan austurenda skotgrafarinnar.

Skotbyrgi [2567-2568] skotbyrgi

Tvö skotbyrgi eru neðarlega í brekkunni neðan vesturenda skotgrafar [2416]. Grjóthleðslan í eystra byrginu [2568] sem liggur örlítið ofar er mjög greinileg en ógreinilegri hleðsla er í vestra og neðra byrginu [2567].



Mynd 22 Skotbyrgi [2569]; horft vestur.



Mynd 23 Horft framan á eystra skotbyrgi [2568] neðan vesturenda skotgrafar [2416].



Mynd 24 Vestra skotbyrgi [2567] neðan við vesturenda skotgrafar [2416].



Mynd 25 Gata [2571] sem liggur frá skotbyrgjum [2567-2568] neðan skotgrafar [2416].



Mynd 26 Skotbyrgi [2570].

Leið [2571] gata

Frá skotbyrgjum [2567-2568] við vesturenda skotgrafar [2416] liggur gata eða brot af götu með stefnu á Leiruvog. Hún endar núna við göngustíginn sem lagður hefur verið ofan við hringtorg, þar sem beygt er frá Vesturlandsvegi inn á Þingvallaveg.

Skotbyrgi [2570] skotbyrgi

Í brekkunni sunnan við skotbyrgi [2567-2568] er enn eitt skotbyrgi [2570] og er neðsta grjóthleðslan vel sýnileg.



Mynd 27 Skotbyrgi [2566].

Skotbyrgi [2566] skotbyrgi

Ofan og suðaustan við skotbyrgi [2566] eru leifar skotbyrgis.

Skotbyrgi [2572] skotbyrgi

Syðsta skotbyrgið er uppi á klapparhæð. Það er ágætlega varðveitt, hlaðið utan í klöpp sem myndar austurhliðina.



Mynd 28 Gott útsýni er frá skotbyrgi [2572] uppi á klapparhæð, ofan skotgrafar [2416].



Mynd 29 Steyptir vatnsgeymar [2564-2565] og steypubrot.

Vatnsgeymar [2564-2565] steipt mannvirki

Tveir vatnsgeymar frá stríðsárunum eru varðveittir á hæð á ásunum. Þetta eru steipt mannvirki fast austan við malarveg, í sömu línu og skotgröf [2416] sem hefur legið rétt neðan þeirra. Hrúgur af steiptum veggjabrotum og öðrum steypubrotum eru í vegarkantinum fyrir vestan mannvirkin. Vestar eru tveir fyrhyrdir geymar [2564] með stefnu norður – suður, tengdir saman með járnröri sem liggur milli þeirra. Syðri geymirinn er stærri og er hrun við vesturvegginn. Þriðja mannvirkið [2565] er ferhyrningslaga lokuð steypuþóft og ná veggirnir um 1,5 m hæð.

Frá þessum geymum fékkst kalt vatn í bragga og önnur hús á svæðinu. Vatni var dælt úr Köldukvísl í þann eystri en safnað úr hlíðum Helgafells í þann vestri. Þriðji vatnsgeymirinn úr stáli var fyrir heitt vatn sem var dælt frá Reykjum og notað til upphitunar í braggahverfinu White Horse. Hann er nú horfinn.

Helgafell Hospital [1994]

Á Ásunum norðan Helgafells var geysistört sjúkrahús á stríðsárunum sem nefnt var Helgafell Hospital.¹⁸ Engar menjar sjást lengur um spítalann en ætla má að skotgröf [2416] hafi meðal annars verið grafin til að verja hann.

¹⁸ Bjarki Bjarnason og Magnús Guðmundsson, *Mosfellsbær: Saga byggðar í 1100 ár*, 324-326.



Mynd 30 Vatnsgeymir [2564], tvö steipt mannvirki tengd saman með röri.



Mynd 31 Steypuþóft frá vatnsgeymi [2565].



Mynd 32 Hringlaga tóftir [2560-2561] á Ásnum.



Mynd 33 Þriðja hringlaga tóftin [2562] er austar en hinar [2560-2561].

Tóftir [2560-2561-2562] byssuhreiður?

Allnokkru vestan steypu mannvirkjanna [2564-2565] og norðan við skotgröf [2416] eru þrjár stórar hringlaga tóftir. Þær eru lágreistar og sjást meira sem þústir í landslaginu en eru mjög greinilegar á loftmynd. Tvær þeirra eru hlið við hlið [2560-2561] en sú þriðja nokkuð austar [2562]. Inngangar á þeim öllum snúa í suðaustur. Óvíst er hvaða tilgangi þessi mannvirki hafa

þjónað en kannski hafa þetta verið byssuhreiður. Að minnsta kosti hljóta þau að hafa tengst starfsemi hersins á stríðsárunum.



Mynd 34 Tóft [2563] frá húsi sem hefur ef til vill tengst hernum.

Hús [2563] tóft

Tóft er allnokkru austan við hringlaga tóftir [2560-2561-2562] neðan brekkuróta Helgafells. Hún er mjög yfirgróinn en sést í henni hleðslugrjót. Hrun frá þakinu virðist vera inni í henni en þar sést einnig í járn og tréstaup. Þetta virðist ekki vera mjög gömul tóft og mannvirkið líklega tengst hernum.

Gullnáma [2670] náma

Skammt frá vatnsgeymunum eru leifar námu þar sem leitað var að gulli í upphafi 20. aldar.

Samantekt og niðurstöður

Skráðar voru 49 minjar og þar af eru 38 eru sýnilegar á vettvangi. 24 af minjunum teljast fornleifar en 25 eru herminjar. Minjarnar eru vestan, sunnan og norðan við fjallið Helgafell og

eru annars vegar frá hernámsárunum en hins vegar tengdar búsetu og búskap á jörðinni Helgafelli gegnum aldirnar.

Reitur 6:

Minjar eru innan með austurmörkum reitsins, austan við Helgafellsveg eða malarveg. Þar eru byrgi [2583] og tóft [2418] sem væntanlega tengjast umsvifum Breta á hernámsárunum. Í brekkunni ofan við byrgið liggur gömul gata [2417] með svipaða stefnu og Helgafellsvegur. Kannski hafa Bretar nýtt hana en líklega hefur hún upphaflega tengst búskapnum á Helgafelli því hún liggur í átt að Helgafellsbænum. Gatan er nokkru neðan við stekk [2577] sem hlaðinn hefur verið í hlíðinni. Neðan götunnar er hleðsla [2585] og L-laga mannvirki [2584] sem gætu líka hafa tengst hernum.

Á reit 6 og svæðinu norðan hans og Helgafells eru þó einkum herminjar. Braggahverfið White Horse [2800] stóð áður þar sem vesturhluti Helgafellshverfis er nú og við Köldukvísl á Ásunum lengra í norður var sjúkrahúsið Helgafell Hospital [1994]. Hverfið og spítalinn eru horfin núna en því meira gildi hafa þær minjar sem eftir standa. Tveir stígar eða götur liggja frá Helgafellshverfi og hafa að öllum líkindum áður legið frá White Horse braggahverfinu. Syðri gatan [2573] liggur yfir manngerðan skurð [2575] sem hefur sennilega líka tengst starfsemi hersins og endar við áður nefnt byrgi. Við norðurenda skurðarins er eitthvert óþekkt mannvirki [2578] og leifar annars ógreinilegs mannvirkis [2582] sjást enn norðar í sömu línu. Þar hjá eru skotbyrgi [2580-2581]. Önnur gata [2579] sem líka byrjar við Helgafellshvefi liggur framhjá þessum skotbyrgjum í átt að tveimur steiptum vatnsgeymum eða mannvirkjum [2564-2565]. Kvísl frá henni liggur niður að Vesturlandsvegi með stefnu á svæðið þar sem áður var birgðageymsla hersins, svokallað White Horse Dump [2800]. Þá hefur heilmikil skotgröf [2416] verið grafin meðfram náttúrulegum hæðarhrygg í landslaginu sem liggur vestur frá malarvegi, vestan steiptu mannvirkjanna. Einföld skotbyrgi hafa varðveist ofan og neðan skotgrafarinnar. Eitt [2569] er ofan hennar austan megin hennar og tengir gata [2417] það við austurenda skotgrafarinnar. Tvö [2567-2568] eru fyrir neðan vesturendann og frá þeim liggur gata [2571] í vesturátt. Hún endar við Þingvallaveg en virðist stefna á White Horse Dump. Loks eru þrjú einföld skotbyrgi [2570-2566-2572] ofan og vestan við skotgröfina. Gott útsýni er yfir Leiruvog frá skotbyrgjunum og skotgröfinni og hafa þessi

varnarmannvirki því verið vel staðsett með tilliti til mögulegrar innrásar. Mjög líklegt verður að teljast að göturnar eða stígarnir á þessu svæði tengist hernum.

Ofantaldar minjar eru allar innan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis á reit 6 og norðan hans. Austan við steyptu vatnsgeymana [2564-2565], þ.e. norðan við Helgafell og utan framkvæmdasvæðisins, eru fleiri herminjar. Þar er framhald skotgrafar [2416] til austurs, þrjár hringlaga tóftir [2560-2561-2562] og ein tóft [2563] sem er enn nokkru austar. Skammt frá vatnsgeymunum eru einnig leifar gullnámu [2670],

Herminjar njóta ekki sjálfkrafa aldursfriðunar samkvæmt lögum um menningarminjar. Þær eru hins vegar mikilvægur vitnisburður um hlutdeild Íslands miklum stríðsátökum mannkyns og er æskilegt að taka tillit til þeirra og vernda þær eftir því sem föng eru á. Minjarnar á svæðinu norðan við Helgafellshverfi mynda saman merkilega varnarheild með skotgröf, byrgjum, götum, skurðum og öðrum mannvirkjum. Þessi heild hefur minjagildi og væri mikilsvert ef hægt væri að varðveita hana með einhverjum hætti.

Reitur 5:

Gamli bæjarhóllinn á Helgafelli [1954-1953] er rétt utan við norðurmörk framkvæmdareits 5. Vegur hefur verið lagður yfir hann og hann er því ógreinilegur en minjar hafa fundist í honum rétt ofan við svokallað landnámslag. Helgafell hlýtur því að hafa byggst þegar á landnámstímanum og ljóst að bæjarstæðið er gamalt. Þótt lítið sjáist nú á yfirborði hafa fyrri rannsóknir þegar sýnt að þarna leynast merkar minjar í jörð og þarf að fara með mikilli varúð á þessu svæði og í nánasta nágrenni við það.

Nálægt mörkum reits 5 er einnig gömul gata [1964] sem þarf að gæta að, tóft frá fjárhúsi [1958] og nýlegri steypt tóft [1949], mögulega líka frá útihúsi. Brunnur [1955] er innan svæðisins en hann er sennilega nýlegur. Óljóst er hvaða tilgangi hleðsla [1966] og steyptar plötur [1950-1951] hafa þjónað og þetta er sennilega ekki gamalt og auk þess rétt utan marka reitsins. Loks er skotbyrgi [1956] með góðu útsýni á bjargbrún norðan Steinahlíðar, einnig utan reits. Aðrar minjar eru horfnar eða eða sjást ekki á yfirborði. Fleiri búsetuminjar eru í Helgafellshlíðum lengra í austur, í óbyggðri sveit suður undir fjallinu, en þær eru töluvert utan fyrirhugaðra framkvæmdareita.

Ekki er víst að allar minjar á svæðinu sjáist á yfirborðinu eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar koma í ljós á framkvæmdasvæðinu ber að stöðva framkvæmdir, varast frekara rask og tilkynna þegar í stað um fundinn til Minjastofnunar Íslands, sbr. 38. gr. mml. Minjastofnun Íslands metur eðli þeirra og umfang og hvort rannsókna sé þörf áður en framkvæmdir halda áfram.

Er því beint til framkvæmdaraðila að reyna að sneiða hjá fornleifum og komast hjá því að raska þeim í lengstu lög. Í 21. gr. mml. segir um verndun fornleifa, að „jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, [megi] enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Heimildir

Agnes Stefánsdóttir, Rúna K. Tetzschner, Guðmundur Ólafsson, Ágúst Ó. Georgsson, Kristinn Magnússon og Bjarni F. Einarsson. *Skráning fornleifa í Mosfellsbæ*. Skýrslur Þjóðminjasafns Íslands. Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands, 2006.

Bjarki Bjarnason og Magnús Guðmundsson. *Mosfellsbær: Saga byggðar í 1100 ár*. Reykjavík: Þjæxi, 2005.

Friðþór Eydal, *Hersetan í Mosfellsdal og Kjalarnesþingi 1940-1944*. Óprentuð ritgerð.

Íslenskt fornbréfasafn, XII. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1923-1932.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Gullbringu- og Kjósarsýsla, III.

Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafjelag í Kaupmannahöfn, 1923-1924.

Jarðaskrár 1958-1979. Landnám ríkisins hefur tekið saman eftir forðagæsluskýrslum og skýrslum hreppstjóra um jarðir í ábúð og eyði. Óprentuð.

Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða í landinu. Útg. J. Johnsen.

Kaupmannahöfn, 1847.

Árnastofnun – Örnefnasafn

Ö-Helgafell AG: *Örnefnalýsing Helgafells*. Ari Gíslason skráði eftir Niels, föður Hauks bónda á Helgafelli. Örnefnastofnun Íslands, 1981.

Vefsíður

Kort og landamerkjaskrár

Landamerkjabók í afsals- og veðmálabók fyrir Gullbringu- og Kjósarsýslu 1890.

Landamerkjaskrá Helgafells í Mosfellssveit frá 1885.

Túnakort Helgafells frá 1916.




Yfirlitskort Fornleifar og herminjar í landi Helgafells	080160320480640metrar	N Kort Nr 1	Antikva ehf.
			Kortagerð: Ragnheiður Traustadóttir
			Skráning: 2018 og 2021. RT,RKT og HJH
			Dagsetning:15.11.2021



Yfirlitskort

Fornleifar á deiliskipulagsreit - Áfangi 5

0 30 60 120 180 240 metrar




Kort
Nr 2

Antikva ehf.

Kortagerð: Ragnheiður Traustadóttir

Skráning: 2018 og 2021. RT,RKT og HJH

Dagsetning: 15.11.2021



Yfirlitskort Fornleifar á deiliskipulagsreit - Áfangi 6	037.575150225300metrar	N Kort Nr 3	Antikva ehf.
			Kortagerð: Ragnheiður Traustadóttir
			Skráning: 2018 og 2021. RT,RKT og HJH
			Dagsetning:15.11.2021



Yfirlitskort Fornleifar í Helgafellslandi			Antikva ehf.
			Kortagerð: Ragnheiður Traustadóttir
			Skráning: 2018 og 2021. RT,RKT og HJH
		Kort Nr 4	Dagsetning: 15.11.2021